

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Neshaga 16, 3. hæð, þriðjudaginn 12. maí 2015 og hófst kl. 13.00. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Haraldur Bernharðsson varaformaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson og Sigríður Dagný Þorvaldsdóttir. Ari Páll Kristinsson var gestur undir 1. lið. Jóhannes B. Sigtryggsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Ríkjaheitalisti sem staðall

Ari Páll sendi fyrir fundinn stjórnarmönnum tillögur að ríkjaheitalista sem vinnuhópur um ríkjaheiti hefur komið sér saman um en hann hefur nú lokið störfum (um vinnuhópinn sjá fg. stj. ÍM 3/2015, lið 4, b). Ýmsar breytingar eru frá núverandi ríkjaheitalista Árnastofnunar (áður Íslenskrar málnefndar, sjá <http://www.arnastofnun.is/page/rikjaheiti>). Dæmi: Bæði verður hægt að rita *Aserbaísjan* og *Azerbaijan* fyrir eldra *Aserbaísjan*, í stað *Kolumbía* verður einnig hægt að rita *Colombia* og auk *Hvíta-Rússlands* og *Hollands* verður einnig hægt að nota heitin *Belarús* og *Niðurland* fyrir þessi lönd.

Haraldur og Anna sögðu frá starfi hópsins og greindu frá því að fulltrúar utanríkisráðuneytis og Hagstofu Íslands hefðu mjög sóst eftir því að ýmsar óaðlagðar myndir yrðu teknar á ríkjaheitalistann í stað hefðbundinna heita. Þau og Ari Páll hefðu barist gegn því og listinn hefði verið lagaður mikið frá þeim ríkjaheitalista sem birtur var á síðu utanríkisráðuneytis. Þau hefðu einnig lagt áherslu á það að ekki yrðu teknar inn á hann blendingsmyndir, þ.e. hálfadlagðar myndir.

Jóhannes gagnrýndi fyrirhugaðan ríkjaheitalista og taldi að hann væri mikil afturför í þessum málum. Á listanum væru myndir eins og *Costa Rica* og *Bosnia og Herzegovina* sem ættu sér litla eða enga hefð í íslensku ritmáli. Sér fyndist að Íslensk málnefnd ætti ekki að láta undan þrýstingi frá fyrrgreindum stofnunum um að víkja frá fyrri hefð í þessum málum. Núverandi ríkjaheitalisti hefði reynst vel og engin þrýstingur væri frá almenningi um að taka upp slík óaðlöguð heiti. Tvímyndir yrðu einnig fleiri en áður og yki það rugling og bryti í bág við samræmingartilgang slíks starfs. Haraldur sagði að sér, Önnu og Ara hefði tekist að færa margt á listanum til betri vegar frá fyrri gerð. Hann sagði mikilvægt að alltaf yrði boðið upp á rithátt sem hægt væri að kveða að í íslensku og væri nálægt íslenskri stafsetningarvenju. Eiríkur sagði að sér þætti óvíst hvort þörf væri á að aðlaga erlend landaheiti nema þau sem styddust við ríka hefð. Ýmis önnur heiti, til dæmis borgarheiti, væru almennt ekki aðlöguð í íslensku.

Ari Páll sagði að þegar nýr listi yrði birtur á heimasíðu Árnastofnunar yrði lögð meiri áhersla á aðlöguð hefðbundin heiti í listanum en óaðlöguð og studdi stjórnin að það yrði gert.

Guðrún Rögnvaldardóttir sendi fyrir fundinn skeyti til Haralds og Önnu þar sem velt var upp þeim möguleika að fyrirhugaður ríkjaheitalisti yrði vottaður sem staðall. Reynt verður að þinga síðar með Guðrúnu um möguleika á því.

2. Skýrslur til ráðherra um störf Íslenskrar málnefndar 2010–2011 og 2011–2015

Sjá fg. stj. ÍM 2/2015, lið 3, a. Formaður sendi stjórn fyrir fundinn drög að skýrslu til ráðherra. Guðrún sagðist hafa lagt mikla vinnu í skýrsluna á síðustu vikum. Hún óskaði eftir viðbótum frá stjórninni við efni hennar. Stjórnarmönnum fannst skýrslan vera mjög ítarleg. Úttekt á málstefnunni og tillögur stafsetningarnefndar um ritreglur (sjá lið 3) munu fylgja skýrslunni þegar henni verður skilað í ágúst.

3. Stafsetningarnefnd Íslenskrar málnefndar

Sjá fg. stj. ÍM 2/2015, lið 2, b. Síðari stafsetningarnefnd ÍM um endurskoðun ritreglna gerði hlé á vinnu sinni árið 2012. Fyrri stafsetningarnefnd hafði áður skilað frá sér tillögum um stóran og lítinn staf, eitt orð eða fleiri og kommuetningu sem voru afhentar þáverandi menntamálaráðherra með skýrslu til hans 2010. Haraldur sagði stjórninni frá því hvar verkið stæði nú og greindi frá því að vinnuhópurinn hygðist taka upp þráðinn í júní og ganga frá tillögum sínum. Vinnan snýst mikið um framsetningu á núverandi reglum og að setja hluti fram á skýran hátt. Ekki stæði til að gera veigamiklar breytingar á íslenskri stafsetningu. Haraldur óskaði eftir því að stjórn ÍM læsi aftur vel yfir tillögur stafsetningarnefndar frá 2010 og mun hún gera það.

Jóhannes sagði að stefnt væri að því að ný útgáfa Stafsetningarorðabókar yrði gefin út á Netinu á næsta ári (sjá lið 4). Mikilvægt væri í þeirri vinnu að geta stuðst við nýja ritreglur sem hefðu verið samþykktar af Íslenskri málnefnd.

Haraldur lagði til vegna þessa að lokafundi Íslenskrar málnefndar, sem vera átti í byrjun júní, yrði frestað til loka ágúst. Hægt væri að taka ritreglurnar þar fyrir og hugsanlega samþykkja.

4. Sameiginleg leitarsíða fyrir Stafsetningarorðabók og ritreglur

Sjá lýsingu á verkinu í fg. stj. ÍM, lið 4, c. Jóhannes dreifði fjárhagsáætlun um kostnað við gerð sameiginlegrar leitarsíðu fyrir Stafsetningarorðabók og ritreglur og einnig lýsingu á verkinu. Áætlað er að vef- og útlitshönnun muni kosta um 300.000 kr. Stjórn Íslenskrar málnefndar samþykkti að leggja 150.000 kr. í gerð síðunnar.

Eiríkur hvatti til þess að við leitarhönnunina yrði hugað að loðinni (e. *fuzzy*) leit þannig að auðvelt verði að finna réttar myndir út frá röngum.

Mál til bókuar:

Formaður sendi mennta- og menningarmálaráðuneyti bréf dagsett 19. apríl 2015 þar sem greint er frá því að Íslensk málnefnd tilnefni Margréti Jónsdóttur prófessor og Sigurð Konráðsson prófessor við HÍ í örnefnanefnd. Sjá fg. stj. ÍM 3/2015, lið 4, a.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 14.30.

Guðrún Kvaran
sign.

Jóhannes B. Sigtryggsson
sign.